



Ágæta bæjarráð,

Eignarhlutur Fimleikafélags Hafnarfjarðar samkvæmt eignaskiptasamningi dagsettum 8. sept 2020 sýnir glögglega hvað Fimleikafélagið á stóran hluta af heildarfasteignum á Kaplakrikasvæðinu, sem er á skjön við viðteknar venjur um slík mál meðal íþróttafélaga í Hafnarfirði, og á landinu öllu.

Aðalstjórn Fimleikafélagsins tekur það skýrt fram að það hefur aldrei verið metnaðarmál þess að halda í allar þær eignir. Við teljum þetta fyrirkomulag ekki eingöngu skapa ójafnvægi í rekstrarumhverfi Fimleikafélagsins samanborið við önnur íþróttafélög í Hafnarfirði, heldur ekki síður býr þetta til óþarfa flækjustig þegar málefni Fimleikafélagsins eru inni á borði bæjaryfirvalda og misskilningi í opinberri umræðu.

Aðalstjórn Fimleikafélagsins hefur falið framkvæmdanefnd þess, en í henni sitja Viðar Halldórsson, Þorgeir Jónsson, Gunnlaugur Sveinsson og Elsa Hrönn Reynisdóttir, að fara í viðræður við fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar um eignarhald fasteigna á Kaplakrikasvæðinu og breytingar á rekstrarumhverfi félagsins. Við höfum ýmsar hugmyndir í huga varðandi þetta mál sem við viljum reifa við ykkur við fyrsta tækifæri.

Ósk okkar er sú að komið verði á fót starfshópi með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Fimleikafélagsins þar sem framkvæmdanefnd Fimleikafélagsins mun sitja fyrir hönd félagsins. Leggjum við til að hópurinn hittist sem allra fyrst.

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar,
Viðar Halldórsson
formaður

